


Alþingi 126/2697
Erindi nr. Þ
komudagur 29.5.2001
Grundarfjörður 18.05.2001.

Háttvirta heilbrigðisnefnd.

Ég undirritaður Örn Karlsson kt: 070955-2379 þakka nefndinni fyrir nefndarálitið frá 14.05.2001 og þær undirtektir sem ég fékk hjá nefndinni varðandi breytingartillögu minnar við 9.gr.b.lið í frumvarpi á lögum um tóbaksvarni, ég harma það að nefndinn skyldi ekki ganga skrefið til fulls og taka tillit til minna óska að öllu leyti. Ég dreg það í efa að nefndarmeðlimir hafi nægt yfirsýn yfir þá sérstöku aðstöðu sem við vistmenn þurfum að búa við, og hafi aflað sér nægilega vitneskju til að geta hafnað minni tillögu. Allavega í upptalningu nefndarinnar í nefndarálitinu kemur það í ljós að engir fagaðilar um fangelsismál eru látinr mæta á fund hennar, en í frumvarpinu til laga kemur það fram að ákvæði þetta er sett í samráði við Fangelsismálastofnun, þeirrar sömu stofnunar sem hefur ekki einu sinni framfylt að fullu Lögin um tóbaksvarni nr.101/1996. Ég óska eftir því við nefndina að hún tryggi það að heilbrigðiseftilit á hverjum stað fyrir sig taki út vistaverur og sameiginlegt rými vistmanna og gefi út hvort það eru allar forsendur fyrir hendi til að leyfa þessa neyslu á hverjum stað fyrir sig og hvernig væri best að standa að því ef veita ætti leyfi.

Virðingarfyllst.



Afrit sent:
Fangelsismálastofnun.
Landlæknisembættinu.
Dómsmálaráðuneyri.
Heilbrigðiseftitum sem við á.

Ég undirritaður Örn Karlsson kt: 070955-2379 vil leggja inn breytingartillögu við 9.gr. b.lið í frumvarpi nefndarinnar til breytingar á lögum um tóbaksvarnir. Í 9.gr.b.lið stendur orðrétt “ Við 1.mgr. 10.gr. bætist nýr töluliður þar sem kveðið er á um algert bann við tóbaksreykingum í fangelsum utan fangaklefa en það má leyfa að reykingar. Verður það ákvörðun stjórnenda í hverju tilviki hvort reykingar eru leyfðar. Með ákvæði þessu, sem sett er í samráði við Fangelsismálastofnun ríkisins, er stuðlað að betri líðan og heilsu fanga og fangavarða. “ Mín tillaga er sú að í stað fangaklefa komi reykherbergi.

Lögin eru að öðru leyti mjög góð og spanna yfir breitt svið og fangar fá að sitja við sama borð og aðrir við not þessara laga. Margar stofnannir og einkaðaliðar hafa komið þessu fyrirkomulagi á, með sátt og samlyndi.Ég undirritaður þekki til staðhátta í öllum fangelsum, og sem betur fer er þetta hæðarleikur að koma við, þessi tillaga ætti að mæta fullum skilningi hjá fangelsismálastofnun, því þar á bæ er algert reykingarbann bæði inni á skrifstofum og í sameiginlegu rími. Fangar þurfa að búa á þessum stofnunum með góðu eða illu allan sólahringinn og fyrirkomulag loftræstinga leyfa ekki reykingar inn á herbergjum. Þeir kostir sem fylgja þessu fyrirkomulagi eru margþættir, reykingarmenn fá vistlegt og vel loftræst herbergi, á sama tíma losna aðrir vistmenn við þennan vágast sem óbeinar reykingar eru úr sínum vistarverum, og reykingar inn á herbergjum eru oftast framkvæmdar við opnar dyr þrátt fyrir önnur tilmæli fangelsisyfirvalda, og reykurinn líður um öll húsakinni. Í fangelsum er mikil hreyfing á vistmönnum, og allt of oft tekur reyklus maður við herbergi eftir annan reykingarmann og þá er allt herbergið löðrandi í tjörn og fýlu þ.m.t. rúm og sængurfatnaður.

Með þessu fyrirkomulagi er hægt að koma í veg fyrir flest öll vandamál, og á sama tíma getur Fangelsismálastofnun boðið vistmönnum sínum reyklusar vistarverur án þess að ganga á þarfir reykingarmanna, og eins og textinn segir “stuðlað að betri líðan fanga og fangavarða.

Virðingarfyllst.